14.tbl.
9.apríl.2025
32 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*




## Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**hlaupastelpan@isl.is**

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| ***Hálfsíðuauglýsing*** | ***kr. 4.600.– m.vsk*** |
| ***heilsíðuauglýsing*** | ***kr. 6.620.- m vsk.*** |

***Hlaupastelpunar er að finna á :***

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan

# Þingeyjarsveit auglýsir

Þingeyjarsveit

## Leikskólinn Ylur auglýsir tímabundið starf.

Starfsmann vantar tímabundið, frá 1. – 31. maí við leikskólann Yl, Mývatnssveit.
Um er að ræða 60% starf á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum.
Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í Yl eru 25 börn á aldrinum 1 – 5 ára.
Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á leik og útikennslu, unnið er eftir agastefnunni jákvæðum aga.
Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir, hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Umsóknarfrestur er til. 14. apríl. Skila skal umsóknum til skólastjóra á netfangið hjordis@reykjahlidarskoli.is

# Þingeyjarsveit auglýsir

Þingeyjarsveit

## Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar í skipulagsmálum Voga 1

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 27. mars 2025
tvær deiliskipulagsbreytingar fyrir Voga I í Mývatnssveit.
Annað svæðið sem breytingum tekur er Vinkilsrjóður, sem er gamalt tún, og er markmiðið að gera einn byggingarreit þar sem heimilt verður að vera með 5 starfsmannahús, 50 $m^2$ hvert. Þrjú húsanna eru á staðnum með tímabundið stöðuleyfi.
Athugasemdir bárust en höfðu ekki áhrif á skipulagsbreytinguna. Málið er í skipulagsgátt nr. 1452/2024.

Hitt svæðið gerir ráð fyrir að 6 frístundalóðum verði breytt í íbúðalóðir auk þess að auka byggingarheimild á hverri lóð úr 120 $m^2$ í 250 $m^2$. Einnig verður heimilt að reisa hús á tveimur hæðum.
Athugasemdir á auglýsingatíma bárust auk athugasemdar Skipulagsstofnunar við yfirferð málsins. Gert er grein fyrir breytingum frá auglýstu skipulagi í kafla 5.6 í greinargerð. Málið er í skipulagsgátt nr. 830/2024.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

# Páskaeggjabingó Mývetnings




**16. apríl klukkan 17:00**
**Spjaldið á 1000kr - ENGINN POSI**
**Staðsetning: Reykjahlíðarskóli**
**Sjoppa nemendaráðs verður á staðnum**

MÝVETNINGUR



**VATNSLEIKFIMI á Laugum**

**Síðasta námskeið fyrir sumarið 14 April – 2 Maí 2025**

April 14,16,23,25,28,30,02 Maí

**Verð: 17.500 kr.**

**Lágmarks þátttakendur eru 12 og** kennt verður tvisvar til þrísvar í viku, **Mánudögum, Miðvikudögum og Föstudögum milli kl. 10:00 – 11:00.**

Vatnsleikfimi eykur styrk, liðleika og þol og hentar fólki á öllum aldri. Farið verður í fjölbreyttar og fyrirbyggjandi æfingar ofan í sundlaug, ýmist í grunnu vatni eða djúpu.
Líkaminn er léttari í vatninu sem veitir einnig mótstöðu og minnkar álag á vöðvum og liðamótum.
Vatnsleikfimi er góð leið til að þjálfa kvið- og bakvöðva, viðhalda beinmassa og vöðva og bætir þol.
Vatnsleikfimi bætir einnig jafnvægi, samhæfingu og líkamsstöðu. Þetta er tilvalin leið til að byggja
sig upp eftir veikindi og meiðsli eða til að koma sér aftur af stað og efla heilsu. Þessu leikfimi getur
hjálpa þeim sem er að glíma við streitu, stoðkerfisvandamálum og gigt.

Komum saman og vekjum upp líkama og sál fyrir sumarið ☺
Athugið að pláss er takmarkað. Skráning hefst strax og lýkur kl. 12:00 á fimmtudaginn 10 Apríl 2025.
Skráning fer fram hjá Ástu Price með því að senda tölvupóst á asta@bjarg.co.uk með nafni, kennitölu og símanúmer,
Þið getur líka senda sms eða hringja í 8989964. Hlakka til að sjá sem flest ☺